

Upplýsingar um leyfðan ljósabúnað til lýsingar framan á bifreiðum.

Sbr. reglugerð um gerð og búnað ökutækja.

Heimilt er að hafa eftirfarandi ljósker til lýsingar framan á bifreiðum, auk áskildra aðalljóskera:

Pokuljósker.

Fjöldi: Tvö.

Litur: Hvítur eða gulur.

Dreifing: Ljósíð skal dreifast vel til hliðanna og hafa greinileg lárétt birtumörk.

Staðsetning: Ljósker skulu vera framan á ökutækinu. Hæð skal vera a.m.k. 250 mm en ekki meiri en hæð lágljóskera. Fjarlægð frá ystu brún má ekki vera meiri en 400 mm.

Stilling og ljósstyrkur: Ljóskerin skal vera hægt að stilla nákvæmlega á auðveldan hátt. Ljós skal ekki lýsa lengra fram á veginn en lágljós viðkomandi ökutækis. Mesta afl peru sem nota má í hvort ljósker er 70 W.

Tenging: Ljósker skulu tengd stöðuljóskerum um eigin rofa.

Aukaháljósker.

Fjöldi: Tvö eða fjögur.

Litur: Hvítur eða gulur.

Staðsetning: Ljósker skulu vera staðsett frammar en ökumaður.

Stilling og ljósstyrkur: Lýsa a.m.k. 100 m fram á veginn. Samanlagður ljósstyrkur allra háljóskera (háljóskera og aukaháljóskera) sem geta logað samtímis má ekki vera meiri en 225.000 cd eða viðmiðunargildi 75 (sjá mynd og töflu).

Tenging: Ljósker skulu tengd öðrum háljóskerum og kvikna skal á þeim samtímis áskildum háljóskerum eða um sérstakan rofa. Þegar um er að ræða tvö þör aukaháljóskera mega þau ekki geta logað samtímis. Þegar skipt er af háljósum á lágljós skulu öll háljósín slokkna samtímis.

30 **e1** **e1** 30

Viðmiðunargildi fyrir ljósstyrk er tala sem skráð er öðru hvoru megin við “e” merkinguna á ljóskerum fyrir háljós og aukaháljós.

Viðmiðunargildi	Candella	Viðmiðunargildi	Candella	Viðmiðunargildi	Candella
10	30.000	25	75.000	40	120.000
12,5	37.500	27,5	82.500	45	135.000
17,5	52.500	30	90.000	50	> 142.500
20	60.000	37,5	112.500		

Ljóskastarar.

Mega eingöngu vera á hóp bifreiðum, vörubifreiðum og torfærubifreiðum.

Fjöldi: Tvö

Litur: hvítur eða gulur.

Dreifing: Ljós skal lýsa fram.

Tenging: Ljóskastarar skulu tengdir háljóskerum um eigin rofa og samtengdir gaumljósi í mælaborði.

Á breyttum torfærubifreiðum má tengja ljóskastara um stöðuljós með eigin rofa og gaumljósi.

Notkun: Ljóskastara má einungis nota utan alfaravega og í ófærð utan þéttbýlis þegar aðalljós koma að takmörkuðum notum vegna snjólags eða skafrennings.

Ljóskastarar skulu byrgðir þegar þeir eru ekki í notkun.